

**Ed.**  
um félagsráðgjöf.

**645. Frumvarp til laga**

[209. mál]

(Eftir 2. umr. í Ed., 9. maí.)

Samhljóða þskj. 402 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Rétt til að kalla sig félagsráðgjafa hefur sá einn, sem til þess hefur leyfi heilbrigðisráðherra.

3. gr. hljóðar svo:

Takmörkuð og/eða tímabundin réttindi má einnig veita þeim, sem eru í starfi þegar lög þessi öðlast gildi, en uppfylla ekki skilyrði 2. gr.

Slík réttindi má því aðeins veita að fyrir liggi meðmæli þeirrar stofnunar, sem umsækjandi vinnur hjá. Jafnframt skal leita umsagnar Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa.

Slíku leyfi fylgir ekki réttur til að kallast félagsráðgjafi.